

SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR

Hin skemmtilega dýrafræði Þórbergs Þórðarsonar og möguleikar hennar

Í *Ofvitenum* segir Þórbergur Þórðarson frá námi sínu við Kennaraskólann, sem hann batt miklar vonir við, veturinn 1909–1910. Hann vænti þess að í „musteri vizkunnar“ myndi hann, „uppburðarlaus og fákunnandi einstæðingur“, fá aðgang að mikilsverðum lærdómi og jafnvel fá í hendur „lykilinn að allri lífsgátunni“.¹ En námið olli honum gríðarlegum vonbrigðum, svo miklum að hann segir skipbrot væntinga sinna hafa valdið sér fádæma sársauka, líkir því við „harmaleik“ og talar um „musterishrun“ (31). Fljótlega varð honum ljóst að hinar dýru kennslubækur gætu ekki gefið honum „nokkurn tíma svar við einni einustu ráðgátu, sem þekkingarþrá [hans] hafði glímt við í hinni mannfélagslausu einveru lífs [hans]“ (19). Það var sama hvað hann rýndi sig „rauðeygan í hverja opnuna á fætur annarri“, bækurnar voru „alltaf jafn-ómerkilegar, jafn-hundleiðinlegar. Þar rofaði aldrei til“ (19). Gagnrýni Þórbergs á uppbyggingu náms og kennsluefnis í Kennaraskólanum er hárbeytt og eflaust mætti margt af henni læra, jafnvel enn í dag þótt vissulega heyrir ýmislegt sem hann setur út á í kennsluáðferðum sögunni til. Gagnrýni Þórbergs snýst ekki síst um kennslubækur í fögum á borð við náttúrufræði, landafræði og mannkynssögu. Hann segir það taka út „yfir allan þjófabálk, hve þessar kennslubækur voru leiðinlega skrifaðar, hve frásagnarhátturinn var formúlulegur, þurr og þanþolslaus, hve stillinn var hreyfingarlítill, dauður, hve málið var sviplaust, án tilbreytinga“ og spyr hvort það sé „óhjákvæmilegt að skrifa kennslubækur svona leiðinlega?“ (27).

¹ Þórbergur Þórðarson, *Ofvitinn*, Reykjavík: Mál og menning, 1979, bls. 12. *Ofvitinn* kom fyrst út í tveimur bindum, 1940 og 1941. Í framhaldinu verður vísað til útgáfunnar frá 1979 innan sviga í meginmáli.



Þórbergur telur ljóst að höfundar kennslubókanna hafi aldrei „lagt verulega vinnu í að skapa úr fræði sinni hugðnæma frásögn“ og að hér sé hvoru tveggja um „skakkt fræðsluform“ og „úrelt form“ að ræða (28). Um kennslubókina í náttúrufræði skrifar hann:

Náttúrufræðin, allstór bók á dönsku eftir einhvern Boas, var öll um bein og skinn og hár á dýrum: Skelet, Lændehvirvler, Hjörnetænder, Kindtænder og Knudtænder, Skind og Huder, Dækhaar og Uldhaar, og þannig upp og upp aftur sama hreyfingarlaus þvælan um bein, skinn og hár, hár, skinn og bein, á einum 200 stórum síðum.

Og ég, sem var búinn að kosta peningum upp á mig í þennan skóla til þess, að fá að vita eitthvað, er máli skipti, um dýrin, systkini okkar! Ég var hingað kominn í einlæga leit að uppruna þeirra, brann af forvitni um að komast eftir, hvað þau væru alltaf að hugsa, þráði að vita, hvernig sálin hagaði sér í þeim og hvort hún lifði eftir líkamsdauðann. Og eina svarið, sem mér hlotnaðist við þessum síbankandi spurningum þekkingarþrár minnar, var þetta:

„De ægte Sæler har et afrundet Hoved með kort Snude, en kort Hals, en en plump, tendannet Krop og en kort Hale.“ (19–20)

Í þessum texta birtast ekki aðeins vonbrigði Þórbergs með kennslubókina og kennsluaðferðir í dýrafræði heldur einnig athyglisverð viðhorf hans til dýra, sem eru „systkini okkar“, geta hugsað og hafa sál. Slík viðhorf birtast víðar í skrifum Þórbergs, ekki síst í fyrstu bók endurminninga hans, *Steinarnir tala* (1956), sem hefur að geyma nokkrar áhugaverðustu og sérstökustu dýrasögur íslenskra bókmennta þótt „bókmenntastofnunin“ hafi aldrei veitt því eftirtekt.² En Þórbergur lætur sér ekki nægja að gagnrýna kennsluefni í *Ofvitanum* heldur kemur hann með tillögu að því hvernig hægt væri að skrifa „skemmtilega dýrafræði“:

Væri ekki hægt að skrifa skemmtilega dýrafræði með því að láta sköpulag dýranna eins og speglast í lifandi frásögn af sálarlífi þeirra, starfsaðferðum, lærdómsiðkunum, leikum, ferðalögum, ástalífi, í staðinn fyrir að vera að telja í þeim beinin og reikna hárin

² Hér er vísivítandi hermt eftir orðalagi Sigfúsar Daðasonar sem benti á að í *Bréfi til Láru* væri að finna „nokkrar sérstökustu smásögur íslenskra bókmennta“ þótt „bókmenntastofnunin“ hafi aldrei veitt því eftirtekt.“ Sjá Sigfús Daðason, „Þórbergur Þórðarson“, *Andvari* 106/1981, bls. 3–42, hér bls. 11.

á skrokknum á þeim? Láta dýralífið eins og endursegja sjálft sig í lifandi stíl og leikandi máli. (28)

Höfundur kennslubókarinnar umræddu var danski dýrafræðingurinn Johan Erik Vesti Boas (1855–1935).³ Þótt Þórbergur segi um bókina að hún sé „sá þurrasti og leiðinlegasti samsetningur, sem [hann hafi] nokkurn tíma séð í bókabroti“ og lýsi efni hennar sem landslagslausum flatneskjum „af einskisnýtum „selvfølgelighedum““ þá er verkið vafalaust skrifað samkvæmt því sem þótti boðlegt í náttúruvísindum fyrir rúmri öld (20). En Þórberg brestur þolinmæði við lestur á svo andlausum staðreyndum og spyr sjálfan sig, „í hinum lognhettulegu kennslustundum náttúruvísindanna“, hvort aumingja kennaranum líði ekki „illa af að vera að nudda þessu fánýta andleysi inn í okkur?“, hvort „það geti verið að hann sé ekki búinn að uppgötva, hvað andlaust þetta er og hundleiðinlegt“ (20–21). Hér á eftir ætla ég að beina athyglinni að ósk Þórbergs Þórðarsonar um „skemmtilega dýrafræði“ og benda á hvernig hann útfærir sjálfur slíka dýrafræði í skrifum sínum, fyrst og fremst með þeim hætti sem hann lýsir eftir í tilvitnuninni hér að ofan. Það gerir hann í ýmsum bókum, en þó sérstaklega í *Steinarnir tala*, eins og áður er nefnt, sem hann skrifar tæplega hálfri öld eftir að hann þraukaði þetta eina ár í Kennaraskólanum. Þórberskri dýrafræði bregður einnig fyrir í *Sálmimum um blómið* enda er hann þar sjálfur kominn í hlutverk kennarans sem fræðir nemandann, Lillu Heggju, um allt milli himins og jarðar, þar með talið dýr. Einnig verður kannað hvort dýrafræði Þórbergs felist einfaldlega í mannhverfingu, það er að gefa dýrunum ‚mannlega‘ eiginleika, eða hvort lýsingar hans séu flóknari en svo. Þá mun ég að lokum kanna hvort einhverjir möguleikar felist í hinni skemmtilegu dýrafræði Þórbergs sem tengjast því hvernig við hugsum um og bregðumst við umhverfisvá samtímans. En áður en rýnt verður nánar í dýrasögur Þórbergs er rétt að gera grein fyrir bókmenntafræðilegum skilgreiningum á þessari tegund sagna og umfangi þeirra í íslenskum bókmenntum.

Takmarkandi skilgreiningar – og skráningar

Íslenskar bókmenntir eiga mun fleiri frásagnir af dýrum og dýrasögur en virðast kann við fyrstu sýn og leit í bókasafnsgrunnum. Kemur þar annars vegar til að bókmenntafræðilegar skilgreiningar á dýrasögum eru mjög

³ Johan Erik Vesti Boas, *Lærebog i Zoologien. Nærmest til brug for studerende og lærere*, København: Gyldendal, 1905.

þröngar og einfaldar og hins vegar að skráningum í íslenska gagnagrunna á borð við leitir.is og gegnir.is er mjög ábótavant. Til að mynda er eitt athyglisverðasta dýrasagnasafn sem komið hefur út á Íslandi á undanförunum áratugum, *Vargatal* eftir Sigfús Bjartmarsson, aðeins skráð sem „smásögur“ og „íslenskar bókmenntir“, þótt í efnislýsingu komi fram titlar sagnanna: „Hvítabjörninn; Valurinn; Minkurinn; Branduglan; Tófan; Svartbakurinn; Landseleurinn; Útselurinn; Kjóinn; Hrafninn; Smyrillinn; Skúmurinn; Haförninn; Háhyrningurinn; Sílamáfurinn; Brúnrottan; Snæuglan; Maðurinn.“⁴ Í viðtali sem tekið var við Sigfús í tilefni af útgáfu bókarinnar kemur fram að hann hafi „lítinn áhuga á skilgreiningum“ en að í sögunum sé blandað „saman sögulegum, þjóðlegum fróðleik, náttúrufræði og sögum af vörgum og mönnum“.⁵ Hann útskýrir síðan aðferð sína nánar:

Náttúruvísindin vita frekar lítið um skynheim dýra. Ég reyndi að setja saman veröldina eins og hún gæti litið út með augum dýranna með því að nýta það litla sem þó er vitað að er ólíkt skynjun mannsins. Flest rándýr hafa svipaðan mismun á skynjunum, sjón, heyrn og lyktnæmi, þannig sjá til dæmis sum þeirra útfjólublátt, önnur innrautt og mörg dýr skynja segulbylgjur eins og fuglar sem aldrei rekast á vegg í myrkri. Önnur sjá ekki aðrar skepnur en geta greint ummerki þeirra, til dæmis uglur sem skynja hland bráðar sinnar og geta þannig veitt sér til matar.⁶

Sögurnar í *Vargatali* Sigfúsar falla vel að því sem Gunnar Theodór Eggertsson kallar „raunsæislegar“ dýrasögur eða „náttúruvísindaskáldskap“ en slíkar sögur „eiga það flestar sameiginlegt að dýrin tala ekki mannamál, heldur haga sér eftir vísindalegri vitneskju höfunda um líf þeirra og hegðun á hverjum tíma fyrir sig“.⁷ Sumar af dýrasögum Þórbergs Þórðarsonar geta einnig fallið að þessari skilgreiningu, eins og nánar verður komið að síðar.

Í uppflettiritinu *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* frá 1983⁸ má lesa örfáar

⁴ Sigfús Bjartmarsson, *Vargatal*, Reykjavík: Bjartur, 1998. Sjá *Leitir.is*, sótt 24. mars 2020 af: https://leitir.is/primo-explore/fulldisplay?docid=ICE01_PRIMO000355240&context=L&vid=ICE&lang=is_IS&search_scope=ICE&adaptor=Local%20Search%20Engine&tab=default_tab&query=any,contains,Vargatal&offset=0

⁵ Án höf., „Vargar á Íslandi“, viðtal við Sigfús Bjartmarsson, *Morgunblaðið*, 24. nóvember 1998, bls. B 7.

⁶ Sama stað, bls. B 7.

⁷ Gunnar Theodór Eggertsson, „Raunsæisdýr og náttúruvísindaskáldskapur. Dýrasagan í eftirmálum darwinismans“, *Ritið* 1/2016, bls. 135–165, hér bls. 135.

⁸ Bókin var endurútgefin óbreytt 2006.

línur um „dýraljóð“ og „dýrasögur“. Tiltekin er íslensk grein dýraljóða, „*bestavísur*“ sem rekja megi aftur til sextánda aldar og því haldið fram að kveðskapur um önnur dýr komi fyrst upp á átjándu öld, „ekki síst hjá sr. Jóni Þorlákssyni“, en færirst síðan í aukana á nítjándu og tuttugustu öld.⁹ Í umfjölluninni um sögurnar er fyrst minnst á dæmisögur þar sem áhersla er á allegóríska eða táknræna þætti, að dýrin séu „persónugervingar mannglegra eiginleika og flytja siðaboð eða lífsreglur“ og nefnt að slíkir textar séu kunnir frá ýmsum tímum og hjá mörgum þjóðum. Þá er þess getið að skáldsögur og smásögur um dýr komi fyrst fram á nítjándu öld, bæði í formi táknsagna og beinna lýsinga „á dýrum, heimi þeirra og hegðun og/eða samskiptum þeirra við mennina“ og bætt við að í slíkum sögum kenni „rómantískrar tilfinninga-semi“. Smásagan „Skjóni“ eftir Gest Pálsson (1884) er talin fyrsta íslenska dýrasagan og þess getið að „önnur raunsæisskald“ [hafi tekið] upp þráðinn, einkum Þorgils gjallandi, Guðmundur Friðjónsson og Þorsteinn Erlingsson.¹⁰ Eins og sjá má eru skilgreiningar dýrasagna þröngar enda nutu slíkir bókmenntatextar takmarkaðrar virðingar og urðu ekki viðfangsefni bókmenntafræðinga fyrr en á þessari öld. Samkvæmt Gunnari Theodóri, sem varði doktorsritgerð um bókmenntaleg dýr árið 2016,¹¹ er svipaða sögu að segja af erlendum uppflettiritum í bókmenntafræði, þar er dýrasögum fyrst og fremst skipað í flokka „sem snúast um allegórísk eða metafórísk dýr, án þess að nokkurn tíma sé vikið að raunsæislegum, ótáknrænum eða bókstaflegum dýraskáldskap“.¹² Þá vekur athygli að í bókmenntafræðilegum skilgreiningum á dýrasögum er litið alveg framhjá barnabókum sem margar hverjar sækja efnivið sinn til dýra, bæði á ‚raunsæjan‘ og ‚óraunsæjan‘ máta.

Ef við leyfum okkur að víkka út hina þröngu skilgreiningu bókmenntafræðanna á dýrasögum og hugum almennt að frásögnum af dýrum í bókmenntum af öllu tagi stækkar myndin til muna og við finnum sögur af ýmsu tagi, bæði táknrænar og bókstaflegar. Frásagnir af dýrum er að finna í forn-bókmenntum jafnt sem nútímabókmenntum. Í Íslendingasögum og þáttum

⁹ Jakob Benediktsson, ritstj., *Hugtök og beiti í bókmenntafræði*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Mál og menning, 1983, bls. 63.

¹⁰ Sama stað, bls. 63. Sjá einnig Gunnar Theodór Eggertsson, „Raunsæisdýr og náttúruvísindaskáldskapur“, bls. 135–164. Gunnar Theodór ræðir þröngar skilgreiningar og takmarkaðan skilning bókmenntafræða á dýrasögum víða í greininni.

¹¹ Gunnar Theodór Eggertsson, *Literal animals. An exploration of animal worlds through language, culture and narratives*, óbirt doktorsritgerð við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, á Landsbókasafni-Háskólabókasafni, 2016.

¹² Gunnar Theodór Eggertsson, „Raunsæisdýr og náttúruvísindaskáldskapur“, bls. 150.

eru dæmi um frásagnir þar sem dýr eru í miðpunkti sögufléttunnar og ætti að nægja að nefna *Hrafnkels sögu Freysgoða* þar sem hesturinn Freyfaxi leikur mikilvægt hlutverk. Djúpstæðra tengsla á milli manna og dýra er einnig getið í Íslendingasögum; „Sárt ert þú leikinn Sámur fóstri og búið svo sé til ætlað að skammt skuli okkar í meðal“,¹³ mælti Gunnar á Hlíðarenda þegar hundur hans var drepinn. Þá þykir ill meðferð á dýrum svívirðileg í hugmyndaheimi fornþókmenntanna og má í því sambandi minna á níðingsverk unglingsins Grettis Ásmundarsonar gagnvart húsdýrum föður síns sem bera vitni um þá myrku lund og skapofsann sem einkennir persónuna.¹⁴ Í þessum sögum eru frásagnirnar af dýrunum annars vegar aflvaki átaka í sögufléttunum og hins vegar varpa þær ljósi á bresti aðalpersóna sagnanna. Þær eru ekki sagðar til að lýsa dýrunum sem slíkum, líkt og í síðari tíma dýrasögum.¹⁵

¹³ Sjá upphaf 77. kafla Njáls sögu.

¹⁴ Um dýr og samband þeirra við menn í Íslendingasögum má t.a.m. lesa í Lena Rohrbach, *Der tierische Blick. Mensch-Tier-Relationen in der Sagaliteratur*, Tübingen: Francke, 2009. Um tengsl manna og dýra, aðallega táknræn, má lesa í Kristina Jennbert, *Animals and Humans. Recurrent symbiosis in archaeology and Old Norse religion*, Lund: Nordic Academic Press, 2011.

¹⁵ Fleiri dæmi mætti taka um sögur sem fjalla um dýr, bæði gamlar og nýjar. Í flokkunarfræði íslenskra þjóðsagna eru „dýrasögur“ viðamikill flokkur og hverfist að mestu leyti um kynjadýr af ýmsu tagi. Þá þarf varla að fjölyrða um að frásagnir af ýmiskonar dýrum í margskonar aðstæðum og mismunandi tengslum við menn, bæði táknrænum og fantatískum, sem og raunverulegum, er að finna í nútímabókmenntum af öllu tagi. Nefna má *Skugga-Baldur* eftir Sjón (2003) sem dæmi um það fyrrnefnda og *Aðventu* Gunnars Gunnarssonar (1939) sem dæmi um það síðarnefnda. Í *Skugga-Baldri* nýtir höfundur sér þjóðsagnahefðina á skapandi hátt þegar hann lýsir samruna dýrs og manns og vekur upp spurningar um „dýrslengt“ eðli mannsins í áleitinni sögu um „mannlegt“ síðferði. Í *Aðventu* er lýst djúpu tilfinningasambandi manns, hunds og hrúts sem halda saman inn á óbyggðir til að leita eftirlegukinda og mæta þar náttúruöflunum í formi ofsaveðurs. Í túlkunum á sögunni eru áherslur ýmist lagðar á heimspekilega eða guðfræðilega vídd sögunnar sem vissulega eru báðar til staðar. (Sjá t.d. Gunnar Jóhannes Arnason, „„Þetta var líf hans.“ Aðventa Gunnars Gunnarssonar í heimspekilegu ljósi“, *Andvari* 117/1992, bls. 168–180 og Silja Björk Huldudóttir og Þorkell Ágúst Óttarsson, „Sviðsetning á ævi Krists. Bibliólegar vísanir í Aðventu eftir Gunnar Gunnarsson“, *Andvari* 126/2001, bls. 99–112.) *Aðventa* býður einnig upp á bókstaflegan lestur á sambandi manns og dýra en Gunnar Theodór bendir réttilega á að „meðal bókmenntafræðinga [ríki] sterk tilhneiging til að lesa dýr sem eitthvað annað en sjálf sig“ og öll túlkun á dýrasögum gangi út frá allegórískum lestri eða líkingamáli. Þá talar hann jafnframt um að „tregða til að skynja dýr sem verðugt umfjöllunarefni innan bókmennta og lista [sé] rótgróin innan fræðaheimsins“. Sjá Gunnar Theodór Eggertsson, „Raunsæisdýr og náttúruvísindaskáldskapur“, bls. 159.

Þróun íslenskra dýrasagna

Líklega er grein Björns Teitssonar, „Íslenzkar dýrasögur frá upphafi raunsæisstefnu til 1915“, sem birtist í *Mími, blaði Félags stúdenta í íslenskum fræðum* árið 1970, fyrsta tilraunin til að lýsa íslenskum dýrasögum. Í upphafsorðum greinarinnar getur Björn þess að húsdýr komi snemma við sögu „í íslenskum bókmenntum, þótt sérstakar dýrasögur, sem rísi undir því heiti, séu harla torfundnar lengi vel.“¹⁶ Skilgreining Björns á dýrasögum er samdóma lýsingunni sem síðar var gefin í *Hugtökum og heitum í bókmenntafræði*. Hann er og á þeirri skoðun að það sé „alls ekki fyrr en seint á 19. öld, að við nýjan tón kveður þegar íslenzk skáld minnst á dýr, og þá fyrst kemur hin eiginlega dýrasaga inn í íslenzkar bókmenntir.“ Björn gerir ekki tilraun til að skilgreina bókmenntategundina en segir að ekki megi „rugla þessum sögum saman við sannar frásagnir af dýrum,“ þótt oft sé „harla mjótt þar á mununum.“¹⁷ Mikill hluti greinar Björns fer í að rekja þær íslensku dýra(smá)sögur sem birtust í tímaritinu *Dýravínurinn* (sem kom út á árunum 1885–1916) og tengja þær annars vegar við raunsæisstefnu í bókmenntum og hins vegar við vakningu manna um velferð dýra og andspyrnu gegn illri meðferð á þeim. Björn telur að Tryggvi Gunnarsson, sem var forseti Þjóðvinafélagsins á þeim árum sem félagið stóð að útgáfu *Dýravínarins*,¹⁸ hafi með útgáfu tímaritsins orðið til þess „að þessi grein íslenzks smásagnaskáldskapar blómgaðist stórum meir en orðið hefði að öðrum kosti, enda birtist mjög verulegur hluti allra sagnanna og þar á meðal margar þær merkustu í ritinu.“¹⁹ Í greininni rekur Björn skilmerkilega hvernig dýrasagnaformið blómstraði í *Dýravíninum* en þar birtust sögur eftir höfunda á borð við Grím Thomsen, Þorstein Erlingsson, Þorgils gjallanda, Jón Trausta og Guðmund Friðjónsson. Björn bendir á að flestar íslensku dýrasögurnar fjalla um hesta (líkt og dýravísurnar): „Það er eftirtektarvert um dýravíninn Þorgils gjallanda, að langmest lýsir hann hestum, og raunar fjalla flestar beztu ísl. dýrasögurnar um þarfasta þjóninn. Var ekki að undra, að íslenzkir bændur, sem við sagnaritun fengust, tæku hestinn fyrir, [...] Að öðrum kosti lýsir Þorgils svo helzt sauðkindinni.“²⁰ Björn bendir á að Þorgils gjallandi lýsi gjarnan hugrenningum

¹⁶ Björn Teitsson, „Íslenzkar dýrasögur frá upphafi raunsæisstefnu til 1915“, *Mímir* 9: 2/1970, bls. 5–16, hér bls. 5.

¹⁷ Sama rit, bls. 5.

¹⁸ Tryggvi Gunnarsson (1835–1917) var forseti Þjóðvinafélagsins á árunum 1880–1911 og 1914–1917, sjá Björn Teitsson, „Íslenskar dýrasögur“, bls. 6.

¹⁹ Sama rit, bls. 9.

²⁰ Sama rit, bls. 12.

og tilfinningum dýranna og að þjóðfélagsádeila sé ekki endilega markmiðið í öllum sögunum og nefnir hann þar sérstaklega sögu af ungri forystukind, „Brekku-Gulur“, og segir sjálfa frásagnarlistina vera þar í fyrirrúmi.²¹

Svarið við spurningunni um „hvers vegna dýrasagnarritun náði svo miklum þroska hér á fyrstu áratugum blómlegrar innlendrar smásagnaritarunar“, telur Björn Teitsson einfaldlega felast í íslenskri samfélagsgerð nítjándu aldar, að náíð sambýli manna og dýra í bændasamfélaginu hafi fætt af sér velvild í garð dýranna og skilning, að baki dýrasagnaritarunar liggi „samúðin með málleysingjum og smælingjum náttúrunnar.“²² Eins og áður hefur komið fram blómstrar íslensk dýrasagnarritun samhliða baráttunni fyrir réttindum dýra og Gunnar Theodór Eggertsson bendir á að kenningar Darwins gegni stóru hlutverki í þróun bókmenntagreinarinnar og sögurnar megi skilja sem mikilvægt innlegg í siðfræðilega umræðu á seinni hluta átjándu aldar og fyrri hluta þeirrar nítjándu, umræðu sem lognaðist út af á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar.²³

Þórbersk dýrafræði

Þórbergur Þórðarson (1888–1974) er fæddur og uppalinn í íslensku bændasamfélagi á síðari hluta nítjándu aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Í endurminningabókum hans, sem gefnar voru út saman undir heitinu *Í Suðursveit*, eru margar og fjölbreytilegar frásagnir af dýrum enda lýsir hann þar uppvexti sínum á Hala sem einkenndist af nánu sambýli manna og dýra. Sumar dýrafrásagnir Þórbergs væri hægt að kljúfa frá megintexta bókanna og birta sem sjálfstæðar sögur og hefur slíkt verið gert í nokkrum tilvikum.²⁴ Tilvera dýra og manna í gamla bændasamfélaginu var samanslungin og líf mannfólksins undir dýrunum komið ekki síður en líf og velferð dýranna var undir mannfólkið sett, eins og Þórbergur ítrekar víða. En hann veltir fyrir sér enn dýpri og nánari tengslum milli manna og dýra en almennt er gert – jafnvel hjá einlægum dýravinum. Það kann ef til vill að skýrast af því að Þór-

²¹ Sama rit, bls. 11.

²² Sama rit, bls. 15.

²³ Gunnar Theodór Eggertsson, „Raunsæisdýr og náttúruvísindaskáldskapur“, bls. 137–140.

²⁴ Frásögn Þórbergs af hestinum Jarpi, sem vikið verður að hér síðar, birtist í *Nýju Helgafelli*, 1: 2/1956, bls. 56–61. Í bókinni *Pegar ég var óléttur*, sem hefur að geyma úrval úr verkum Þórbergs, er birtur kafli með yfirskriftinni „Húsdýrin á Hala“, þar sem sagt er frá kúnum og kindunum. Þá hefur kafli sem lýsir „samtali“ kúnna frá Hala við kýrnar frá Reynivöllum birst í lestrarbókum fyrir grunnskólabörn.

bergur kynntist riti Charles Darwins *On the Origins of Species* (1859) snemma á tuttugustu öld og tengdi kenningar Darwins við hvorttveggja spíritisma og guðspeki og má sjá áhrif þess til að mynda í frásögn hans af hestinum Jarpi, eins og fjallað verður um síðar.²⁵

Lýsingar og frásagnir Þórbergs af dýrum eru mjög fjölbreyttar. Að sjálf-sögðu fjallar hann mest um húsdýrin: Hunda og ketti, kýr og hesta, en einn-ig koma við sögu alls konar fuglar og sjávardýr. Í fyrstu köflum fyrstu bókar Suðursveitarbálksins, *Steinarnir tala* (1956), sviðsetur Þórbergur undirbún-ing að þreföldu brúðkaupi sem haldið var vorið 1886 á Breiðabólstaðarbæj-unum.²⁶ Þórbergur dregur upp lifandi mynd af heimafélkinu sem undirbýr veislu og gestunum sem koma ríðandi og gangandi til brúðkaups. Í sviðsetn-ingu Þórbergs eiga dýrin ekki minni hlut en mannfólkið: „Hundarnir sátu á görðum og húsaburstum og höfðu augun á hverri hreyfingu fólksins. Þeir fundu á sér, að það var eitthvað bragðgott í vændum, og þeir skildu, að þeir áttu sinn skerf af góðgætinu undir náð mannanna. Það komu hundar innan frá Reynivöllum og austan frá Sléttaleiti til að taka þátt í lífsgleði þeirra.“²⁷ Fjörlegar lýsingar eru á gestum sem koma ríðandi og bæði menn og hestar þurfa að létta á sér áður en áfangastað er náð: „Fólkið úr Lóninu og Nesj-unum og af Mýrunum stanzaði svolitla stund undir Moldarbakkahrauni á Heinabergssandi, og þar pissuðu allir, bæði fólkið og hestarnir, og konurnar sátu á meðan á hækjum sínum og voru eins og uppmjóir móhraukar, og karl-mennirnir stóðu og snöru sér undan, en hestarnir voru alveg náttúrlegir“ (11–12). Þórbergur vísar til kinda sem „voru að bíta við veginn á Moldar-gröndunum“ (13) og kippa sér lítið upp við tilstandið og það sama gildir um kýrnar sem „litu upp og horfðu á fólkið, og það var auðséð á andlitunum á þeim, að þær hugsuðu: „Hvað á allur þessi fyrirgangur að þýða?““ (14). Kórónan á sviðsetningunni er lýsing á fuglum sem sveima og vappa í kring og fær hver tegund sín persónueinkenni:

Yfir öllum miðsandinum moraði af kríu. Tveir kjóar flögruðu

²⁵ Þórbergur Þórðarson, *Meistarar og lærisveinar; eftir Stóra ævisögulega handritinu*, Arn-grímur Vídalín bjó til útgáfu, Reykjavík: Forlagið, 2010, bls. 66–67. Bók Darwins hefur komið út í íslenskri þýðingu Guðmundar Guðmundssonar: Charles Robert Darwin, *Uppruni tegundanna: af völdum náttúrlegs vals, eða að sumum stofnum vegnar betur en öðrum í lífsbaráttunni*, ritstjóri Ólafur Páll Jónsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004.

²⁶ Breiðabólstaðarbæirnir voru þrír: Hali, Gerði og Breiðabólstaður. Rétt er að brúð-kaupið var haldið 1887.

²⁷ Þórbergur Þórðarson, *Í Suðursveit*, Reykjavík: Mál og menning, 1975, bls. 10. Fram-vegis verður vísað í þessa útgáfu með blaðsíðutölum innan sviga í meginmáli.

lymskulega fram hjá. Nokkrar kríur æptu heróp og runnu á svipstundu í hnapp og ærðu óvinina út að sjó. Sólargeisli glampaði á litlu lóni. Lítil sendlingshjón vöppuðu með vatnsborðinu. Lóuhópur sat syngjandi í móa. Smyrill sat skimandi á steini. Lítið kríuger kastaði sér argandi á hann og rak hann inn að Steinafjalli. (13)

Þessar fyrstu lýsingar á dýrum í *Steinarnir tala* eru fyrst og fremst hluti af almennri sviðsetningu Þórbergs á sögusviðinu, eins og áður var nefnt. Síðar í bókinni lýsir hann hins vegar einstökum húsdýrum á Hala ítarlega og af mikilli innlifun. Sumar þeirra lýsinga einkennast af húmor (til dæmis lýsingarnar á kúnum og kindunum), aðrar eru harmrænar og tilfinningaþrungnar (samanber lýsingin á Jarpi). Þórbergur veltir fyrir sér innra lífi dýranna og tilfinningum þeirra og hægt er að tala um ýmist væga eða mikla manngervingu í dýralýsingum hans, hann gefur gjarnan dýrunum mannlega eiginleika, segir frá þeim í „lifandi frásögn af sálarlífi þeirra, starfsaðferðum, lærdómsiðkunum, leikum, ferðalagi, ástalífi“, eins og hann lagði sjálfur til í kröfu sinni um „skemmtilega dýrafræði“ í *Ofvitenum* (28).

Mannhverfar lýsingar á borð við þær sem Þórbergur leggur til, það er að segja að lýsa sálarlífi og háttalagi dýra án þess að um táknrænar skírskotanir til manna sé að ræða, eru taldar eiga rætur í rómantískum bókmenntum fyrri hluta nítjándu aldar. Vitaskuld sjást mannhverfar lýsingar á dýrum mun fyrr en þá ætíð í táknrænum og mórölskum tilgangi, svo sem í dæmisögum fyrri alda. Bókmenntafræðingurinn Onno Oerlemans telur að í skáldskap bresku rómantíkeranna megi greina upphaf þess viðhorfs að dýr búi yfir vitund (e. *consciousness*).²⁸ Hann bendir á að slík viðhorf komi glögglega fram í ljóðum breskra skálda á borð við William Wordsworth (1770–1850), Samuel Taylor Coleridge (1772–1834), John Keats (1795–1821), Percy Bysshe Shelley (1792–1822) og John Clair (1793–1864).²⁹ Minna má á að Descartes, sem sagði hugsunina skilgreina veruhátt manneskjunnar, lýsti dýrum sem vélum og taldi þau ekki búa yfir vitundarlífi. Oerlemans telur að lýsingar

²⁸ Onno Oerlemans, *Romanticism and the Materiality of Nature*, Toronto, Buffalo og London: University of Toronto Press, 2002, bls. 65.

²⁹ Lýsingar þess síðastnefnda á uppvexti sínum í breskri sveit á síðari hluta átjándu aldar og á fyrri hluta þeirrar nítjándu, sem og á náttúru og dýralífi, hafa ýmsa snertifleti við skrif Þórbergs Þórðarsonar, eins og Viðar Hreinsson hefur tæpt á. Sjá Viðar Hreinsson, „Afturhvarf og opinberun Þórbergs“, „að skilja undraljós.“ *Greinar um Þórberg Þórðarson, verk hans og hugðarefni*, ritstj. Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Hjalti Snær Ægisson, Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 2010, bls. 35–60, hér bls. 35–36.

rómantískra skálda vísi fram til nútímalegri hugmynda um að vitundarlíf og tilfinningalíf sé ekki sérkenni manneskjunnar heldur eigi einnig við um önnur dýr. Slíkar hugmyndir eru ekki aðeins mikilvægar fyrir bókmennta- og heimspekilega vistrýni heldur einnig fyrir rannsóknir í dýraatferlisfræði, þróunarfræði og ekki síst taugalífeðlisfræði þar sem sýnt hefur verið fram á að vitundin búi í efninu, það sé ‚cartesísk‘ villa að halda að hugsun og líkami séu aðskilin fyrirbæri, þvert á móti sé sjálfsvitund okkar líkamsbundin (e. *embodied self*).³⁰ Oerlemans ræðir einnig það viðtekna sjónarmið að ekki sé fræðilega eða vísindalega ábyrgt að heimfæra mannlega eiginleika upp á dýr. Hann talar um að bann hafi ríkt gegn slíku myndmáli innan dýraatferlisfræði og líffræði lengi; það sé í raun ein lífsseigasta hugmyndasmíð þeirra fræða. Bannið var áður tengt því stigveldi sem skipar guði efst, mannum í miðju og dýrum neðst, og hvorki þótti sæmandi að gefa guði mannlega eiginleika, í því fælist hybris, né dýrum, þar sem í því fælist niðurlæging á hinu mannlega.³¹ En ef við megum ekki gefa dýrum mannlega eiginleika í lýsingum okkar á þeim, hvernig getum við þá lýst þeim? spyr Oerlemans; hvernig getum við gefið fullkomlega hlutlæga lýsingu á dýrum sem vekur engar aukamerkingar í huga okkar, „lýsingu sem myndi útiloka hvers kyns viðbót úr heimi ímyndunaraflsins“ og hann bætir við:

Líklega gæti einungis verið um að ræða klíníska útlitslýsingu, til að mynda kortlagningu líkamsgerðar tiltekins dýrs, en það verður því aðeins gert með því að afbyggja dýrið sem einstakling. Ef við hugsum þetta óhlutbundið hefur vandinn við að skoða dýr á hlutlægan máta, að sjá þau eins og þau eru en ekki hvernig þau líkjast okkur, líklega enga úrlausn.³²

³⁰ Sjá Antonio R. Damasio, *Descartes' Error. Emotion, Reason, and the Human Brain*, London: Picador, 1994. Einnig Onno Oerlemans, *Romanticism and the Materiality of Nature*, bls. 65–68 og ítarlega umræðu um viðhorf Descartes til dýra má finna í Erica Fudge, *Animal*, London: Reaktion Books, 2002, sjá einkum kaflann „The Beast-Machine“, bls. 92–105.

³¹ Onno Oerlemans, *Romanticism and the Materiality of Nature*, bls. 68.

³² „Yet, it is difficult to imagine what a truly objective account of animal being would be, one which would forestall any kind of additive imagining. Perhaps only the most clinical kind of representation could succeed, a map of a specific animal's anatomy, for instance, but only by literally deconstructing the individual animal. Abstractly considered, the problem of how we are to view animals objectively, to see them as they are and not as they are like us, probably has no solution.“ Onno Oerlemans, *Romanticism and the Materiality of Nature*, bls. 68–69.

Niðurstaða Oerlemans um hlutlæga lýsingu á dýrum reynist vera nákvæmlega sú sama og Þórbergur kallaði í *Ofvitenum* „hreyfingarlausu þvæl[u] um bein, skinn, hár, hár, skinn og bein“ (19). Slík dýrafræði er fræði um afbyggð dýr (bæta mætti við: sundurlimuð dýr, dauð dýr) og hún hugnast Oerlemans ekki betur en Þórbergi. Þetta sjónarmið Oerlemans, að í raun sé aðeins um tvennt að ræða, hreina anatómíu eða mannhverfingu í lýsingum á dýrum, er vitaskuld ekki óumdeilt. Fræðimaðurinn Erica Fudge hefur til að mynda talað fyrir því að við viðurkennum framandleika dýranna og fjölbreytileika og gerum það að upphafspunkti umræðunnar. Hún ítrekar nauðsyn þess að gangast við þeim takmörkunum sem sjónarhorni okkar eru sett en jafnframt að átta okkur á að það sem við getum skynjað og lært, með okkar takmörkuðu sýn, er engu að síður áhugavert og mikilvægt.³³ Ef til vill má segja að Sigfús Bjartmarsson fari slíka leið í áður nefndu *Vargatali* þegar hann reynir „að setja saman veröldina eins og hún gæti litið út með augum dýranna með því að nýta það litla sem þó er vitað að er ólíkt skynjun mannsins“, eins og vitnað var í fyrr.³⁴ Þegar við lesum lýsingar Þórbergs verðum við að hafa í huga að „það litla sem þó er vitað að er ólíkt“ með skynjun mannsins og skynjun dýra var enn minna þegar Þórbergur skrifar lýsingarnar á sjötta áratug tuttugustu aldarinnar en í upphafi þeirrar tuttugustu og fyrstu, lýsingar hans eru fyrst og fremst byggðar á tilfinningalegri reynslu hans af nánú sambyli við þau dýr sem hann lýsir – sem og þeirri stílgáfu sem hann réð yfir.

Sambúð við kýrnar

Eins og tíðkaðist víðast hvar í íslensku bændasamfélagi nítjándu aldar bjó fjölskylda Þórbergs Þórðarsonar í sama húsi og kýrnar. Á Hala voru básar kúnna á neðri hæð íbúðarhússins en fólkið bjó á efri hæðinni, baðstofuloftinu, og naut hitauppstreymisins frá kúnum. „Það skammaðist sín enginn í Suðursveit fyrir sambúð við kýrnar“, skrifar Þórbergur: „Þær voru partur af fjölskyldunni, ennþá nákomnari henni andlega og líkamlega en hestarnir og kindurnar.“ Kýrnar voru góðar við fólkið því þær „gefa því mjólk úr sér, hollasta matinn á heimilinu. Þær áttu Guð yfir sér eins og fólkið, og það voru sumir í Suðursveit farnir að halda, að þær hefðu ódauðlega sál. Þær voru bara svolítið öðruvísi í laginu en fólkið“ (56–57). Sambúðin við kýrnar

³³ Erica Fudge, *Animal*, bls. 159.

³⁴ Án höf., „Vargar á Íslandi“, viðtal við Sigfús Bjartmarsson, *Morgunblaðið*, 24. nóvember 1998, bls. B 7.

er hagar bæði dýranna og mannfólksins og Þórbergur veltir fyrir sér hvort hún hafi bjargað lífi hans:

Kýrnar nutu líka hlýju frá fólkinu. Þetta var samhjálp í baráttunni við vetrarkuldana. Þessir fjós búar voru ein fjölskylda, sem bjó á tveimur hæðum. Og ylurinn frá kúnum var svo náttúrlegur í lífi fólksins, að maður hugsaði aldrei út í það, hvílík vörn þessar blessaðar skepnur voru gegn kuldasjúkdómum og illri líðan. Kannski er það Huppu og Skjöldu að þakka, að ég drapst ekki úr draghóst-anum. (58)

Lýsing Þórberg á kúnum á Hala – sem aðeins voru tvær – nær yfir ellefu síður í *Steinarnir tala*. Hann lýsir báðum kúnum ítarlega og dregur fram persónuleika hvorrar fyrir sig, enda voru þær ólíkar bæði í útliti og skapferli.

Huppa var stór og með falleg horn og stillt og virðuleg í útliti og framkomu og gaf fólkinu mikla mjólk. Skjalda var kollótt, með flóttalegt augnaráð og geðvonzkuleg í framan. Hún var líka minni en Huppa og mjólkaði ekki eins mikið. Hún var biluð á geðs-munum. Hún rauk stundum upp um miðjar nætur og fór að bölvu óskaplega og sparka klaufunum niður í básinn. Þá vöknudu allir í baðstofunni, og enginn gat sofnað aftur, fyrr en Skjalda hætti þessum skelfilegu látum. Það var óútmálanlega hræðilegt að hlusta á þetta í næturmyrkrinu. (57)

Rúm Þórbergs var beint fyrir ofan bás Skjöldu og þegar mestu lætin voru í henni togaði hann „sængina upp fyrir höfuð og stóð á öndinni við að þylja vers og bænir til að deyfa þessi djöfulslæti ofurlítið fyrir mér“ (57). Þórbergur játar að þótt kýrnar hafi reynst fjölskyldunni vel með mjólkurgjöfum sínum og hitastreymi hafi þær verið „á ýmsar lundir erfiðar í sambúð“ (58) og þá sérstaklega þegar þær voru úti við. Hann eignar þeim skapbresti, sem við þekkjum frá mannfólki, á borð við geðvonsku, þrjúsku og illkvittna stríðni:

Þær veltu um drýli og sátum á túnum og engjum, þegar þær komust í færi, og þá var auðséð á þeim, að þær voru ánægðar með sig. Þær settu hausana fókvondar í garða og veggi og brutu í þá holur og skörð. Þær stálust í heyflekki og átu úr þeim og óðu yfir þá og tróðu þá niður og skitu í þá. Þær laumuðust inn í kartöflugarða og tróðu niður kartöflugrasið og úðuðu það ofan í sig. Þær neitudu sér aldrei um þá skemmtun að leggja lykkju á leið sína til þess að

gera óskunda í þvotti, sem breiddur var út eða hengdur á snúrur. Stundum fundu þær upp á þeim fjanda, þegar þær voru reknar heim á kvöldin, að taka undir sig stökk á fjósbalanum og æða eins og bandvitlausar til og frá um túnin með rassana hátt upp í loftið, og maður var nær dauða en lífi að eltast við þær. Og þegar fór að líða á sumarið, gat maður átt það vofandi yfir sér, að þær kæmu ekki heim að á kvöldin, heldur létu rökkrið detta á sig einhvers staðar langt í burtu og legðust þar fyrir í mestu makindum og létu menn leita að sér í myrkrinu, og ég gat aldrei fundið nokkra ástæðu að þessu háttalagi þeirra aðra en þá, að þær væru að stríða manni og gera manni erfitt fyrir. (58–59)

Áður hefur Þórbergur ýjað að því að geðvonskulætin í Skjöldu um nætur stafi af geðbilun sem hafi orsakast af afbrýðisemi kýrinnar; „að Skjalda hefði bilazt út af því, að Huppa hafði stór og falleg horn, en hún var sjálf kollótt og snauddleg í framan. [...] Bilanir út af svipuðu hafa oft komið fyrir í fólki“ (57). Fleiri mannlega eiginleika eignar hann kúnum en helsti löstur á þeim er sú staðreynd að þær voru aldrei skemmtilegar og „virtust vera alveg húm-orslausar“ (59):

Það var eins og það lægi alltaf illa á þeim, væru jafnvel oft í vondu skapi. Þegar þær brugðu sér á leik, þá var eins og þær gerðu það í illu. Maður sá aldrei lífsgleði eða spaugsemi í hreyfingum þeirra og heyrði aldrei þessa skemmtilegu blessbresti aftan í þeim eins og hestunum, þegar þær ruku á sprett frá manni. Það var ekkert flott við þær eins og hestana og moratnefðóttu forustuána. Þær voru stirðar og klunnalegar í hreyfingum. (59)

En kýrnar hafa það fram yfir bæði hesta og kindur að „það var meira af hugsun í andlitunum“ (59) á þeim, jafnvel svo mikil hugsun að það setur óhug að Þórbergi og í eftirfarandi tilvitnun má sjá hvernig framandleikinn birtist honum og vekur upp ónot:

Þegar þær horfðu á mann, þá hugsuðu þær meira um mann. Það var eins og þær sæju mann út. Mér var helvíti illa við það. Það var engin hugsun í andlitinu á hestunum, þá sjaldan þeir horfðu á mann, og þeir sýndust ekki hafa neinn áhuga á manni. Kindurnar horfðu á mann með miklum áhuga, en það var auðséð á andlitinu á þeim, að þær botnuðu ekkert í manni. Það var eins og þær væru að reyna að skilja, en gætu það ekki. (59)

Fleiri lýsingar á kúnum er að finna í *Steinarnir tala*, til dæmis er lýst í löngu máli hversu „nýjungagjarnar“ kýrnar voru „í náttúrumálum“:

Þær urðu ákaflega upp veðraðar, þegar þær sáu ókunnugt naut eða bara heyrðu í því. Það var eins og þær heyrðu, að tuddi talaði útlent mál, þó að hann væri hinumegin við leiti. Þær komust allar á flug og hljóðuðu og góndu. Þær urðu eins og stúlkur, sem sjá tilvonandi ríkismorðingja í herforingjagalla. (62)

Lýst er nákvæmlega þegar kýr er leidd undir naut, sem er mikil skemmtun fyrir börnin sem horfa með athygli á aðfarirnar og skilja vel hvað málið snýst um: „Það þýddi ekki að segja okkur, að fugl hefði komið með börnin ofan af himnum“ (65).

Ofannefndar lýsingar Þórbergs á kúnum mætti að miklu leyti skilgreina sem náttúruvísindaskáldskap, svo aftur sé vísað til hugtaks Gunnars Theodórs, þar sem manngervingu er haldið í lágmarki og reynt er að lýsa dýrunum á „raunsæislegan“ hátt þótt grunntóninn sé húmorískur. Út af þessu breytir Þórbergur hins vegar þegar hann lýsir samtali kúnna frá Hala við kýrnar frá Reynivöllum þar sem þær hittast úti í haga, þar er manngervingin að sjálfsögðu meiri þar sem sögumaður ímyndar sér að kýrnar tali saman, að sjálfsögðu á mannamáli (61–62). Svipað má segja um sögurnar sem Sobbeeggi afi segir Lillu Heggu í *Sálminum um blómið*, þar er hann að fræða barn og setur frásagnir sínar í búning sem hentar skilningi barnsins. Þess má geta að í *Sálminum um blómið* fer einnig fram mikil umræða um hvort dýr séu „góð“ eða „vond“ og hegðun þeirra borin saman við hegðun manna. Með þeim samræðum kennir Sobbeeggi afi Lillu Heggu hvorttveggja siðfræði og ýmislegt um líf dýra í náttúrunni.³⁵

Rómantískar kindur

Hér að ofan var minnst á að rætur mannhverfðra lýsinga á dýrum mætti rekja til rómantíkur níttjándu aldar. Víða má sjá beinar tilvísanir í rómantísk þemu í lýsingum Þórbergs á náttúru og dýrunum í Suðursveit og oft eru þær tilvísanir auðgaðar húmorískum blæbrigðum. Þegar Þórbergur beinir athyglinni að kindunum sem dvelja í fjallshlíðunum og klifra í klettunum grípur hann til myndmáls og tungutaks evrópskar rómantíkur. Féð frá Breiðabólstaðarbæjunum beit gras í brekkunum fyrir ofan bæina og „hélt sig í klettunum og að öllum jafnaði hátt uppi“ (139). Þórbergur getur þess að kindurnar

³⁵ Þórbergur Þórðarson, *Sálmurinn um blómið*, Reykjavík: Mál og menning, 1982 (1. útg. 1954–55). Sjá t.d. umræðu um tigrisdýr á bls. 259.

virtust „hafa yndi af að þríla og horfa niður úr háum hæðum“ (139) og hann „var ekki gamall, þegar [hann] skildi klettasælu sauðkindanna“ (140) og sam-samar sig reynslu þeirra:

Þvílíkt yndi að ganga klettarákir með hengiflug fyrir neðan sig og fallega bergveggi með allavega myndum á hina hliðina, að þríla rák og rák og finna í sér öllum, hvað maður er orðinn fimur í klettum, að hverfa allt í einu niður í djúpt gil, eins og maður hefði hrapað til bana, birtast svo allt í einu á tígulegum klettastuðli, eins og maður sé afturgenginn, og litast um og sjá allt eins og nýtt, að liggja í sól-skini í grænni torfu, skreyttri fallegum grösnum, sem góð lykt er af, í lognlegum bás, og hlusta á söng smyrlanna frá einhverjum huldum stað í björgunum, að standa uppi á Gerðistindi og horfa niður á það, hvað bæirnir eru litlir og sjórinn breiður frá Hrollaugseyjum út að hafsbúrú og hvað fólkið er afskaplega lítilfjörlegt, þar sem það er að bera inn taðið á túnunum, og sjá alla lengdina á Breiðamerkursandi með glitrandi straumvötnum og glampanði lónum og mjallhvítum brimgarði með fram endilangri lengdinni og sjá reykt stíga upp í loftið úr eldhúsinu á Kvískerjum í morgunsólinni, og geta alltaf horft á, ef eitthvað rekur á fjörunnar. (140)

Eins og ég hef bent á, í bók minni um skrif Þórbergs Þórðarsonar, vísar hann beint í evrópska rómantik þegar hann spyr: „Var ekki að vakna í þessum skepnum vísir að miklum klettasníllingum og rómantískum skáldum, sem yrkja lofsöngva til fjallanna og fagra hymna um útsýnið yfir heimsvíðáttuna, kannski eftir hundruð þúsundir ára, kannski milljónir, þegar sálir þeirra fá bústaði í mönnum? Kvarnir drottins mala seint, en mala vel“ (139–140).³⁶ Tengingin við endurholdgunarkenningar austrænnar heimspeki, sem Þórbergur hreifst af, blasir að sjálfsögðu einnig við og er fólgin mikil kímni í þeirri tillögu hans að sálir rómantískra skálda hafi áður átt sér bústað í kindum. En þótt klettaklifur kindanna vísi í rómantísk minni má ekki gleyma að lýsing Þórbergs byggir fyrst og fremst á þeirri staðreynd að kindurnar frá Breiðabólstaðarbæjunum voru gjarnan á rápi í fjallshlíðunum yfir vor- og sumarmánuði og freistuðu oft uppgöngu í klettana þar sem þær komust margar í hann krappan þegar þær lentu í svokölluðum „sveltum“ sem eru „sjálfheldur í básum, skvompum, skútum eða rákum, hillum og nefjum, sem

³⁶ Sjá nánari umræðu um tengsl lýsinga Þórbergs á sauðkindunum við evrópska rómantik, Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég*, Reykjavík: Opna, 2015, bls. 134–139.

kindur álpuðust í“ (133). Þórbergur lýsir því í löngu máli hvernig kindurnar álpast í svelt og hvernig farið var að því að bjarga þeim þaðan. Þær frásagnir eru hlaðnar spennu og frásagnarlist Þórbergs er fólgin í því að taka slíka hversdagsreynslu og umskapa í lýsingu sem hvort tveggja vísar í raunveruleikann sem og þekkt bókmenntaminni.

Jarpur: Ég þjáðist með honum

Ein eftirminnilegasta frásögn *Steinarnir tala* er sagan af dauðastríði Jarps sem var hestur Benedikts, móðurafa Þórbergs. Öllum þótti afar vænt um Jarp og þegar frásögnin af honum hefst „var hann farinn að eldast og lýjast og hafði lagt mikið á sig fyrir fólkið á langri ævi“ (83). Þórbergur lýsir Jarpi meðal annars svona:

Hann var alvarlegri en hinir hestarnir og hafinn yfir hrekki og kenjar og mikillæti. Hann var algjörlega blátt áfram og hafði engin prinsíp. Samt var hann forframaðastur af öllum hestunum á Breiðabólstaðarbæjunum. Hann hafði vaðið öll vötn á milli Djúpa-vogs og Reykjavíkur og séð öll lönd á þeirri leið og kynnt mörgum hrossum. Þegar Eyjólfur hreppstjóri þurfti að flytja mál fyrir dómstólum í Reykjavík, þá fékk hann Jarp til reiðar suður. Þá var langt frá Hala til Reykjavíkur og mikið af stórum vötnum og margt að sjá og mikil upphefð að hafa komið til höfuðstaðarins. En Jarpur flutti samt aldrei ræður á hrossaþingum um langferðir sínar. (83)

Dauðastríði Jarps er lýst ítarlega á mörgum blaðsíðum, hesturinn hefur fengið innanmeið og þjáist greinilega og Þórbergur með honum. Ítarlega er lýst samlíðan fólksins með hestinum og Þórbergur leggur miklar tilfinningar í lýsinguna og veltir fyrir sér samskiptum sínum við Jarp í gegnum tíðina og hvort hann hafi komið vel fram við hann:

Ég vorkenndi veslings Jarpi ákaflega. Ég þjáðist með honum. Mér var svolítill léttir í að tala við hann: Elskulegi Jarpur minn! Ætlarðu að fara að deyja frá okkur? Eiga góðlegu dökku augun þín að lokast fyrir mér að eilífu? Á ég nú bráðum aldrei að fá að sjá þau horfa á mig, fallagustu augu, sem ég hef séð? Mér finnst ég ekki geta lifað, ef þú deyrð. Þú hefur verið beztur við mig af öllum hestunum. Þú hefur aldrei hrekkt mig. Þú hefur alltaf staðið kyrr, þegar ég hef sótt þig, og alltaf horft á mig eins og þú fagnaðir gömlum vini, og þó hef ég oftast sótt þig til þess að láta þig erfða. (86)

En það sem er merkilegast við lýsinguna á þjáningu og dauða Jarps er hvernig Þórbergur tengir saman í henni örlög manna og dýra og vekur máls á siðferðilegum spurningum um meðferð á fólki og dýrum. Ein grundvallarforsenda Þórbergs, sem fram er sett í Suðursveitarbókunum, er sú skoðun að allt sem lifir sé hluti af sömu heild og kemur þetta viðhorf glögggt fram í frásögninni af hesthúsinu sem Jarpur dvaldi í. Saman við frásögnina af Jarpi er ofið hrollvekjandi frásögn af myndarlegri stúlku í Suðursveit, sem hét Guðbjörg og hafði „ratað í það gæfuleysi að brjálást á geðsmunum“ (83).

Eftir það var hún á sveitinni, og mun hreppsnefndin hafa látið hana ganga milli bæja og vera tíma og tíma á bæ. Eitt sumar var hún á Hala og var lokuð inni í Hundraðshesthúsinu. Þá var sett hurð fyrir hesthúsdyrnar í stað slagbrands og henni réttur matur og drykkur inn um gat á hurðinni [...] Sjálfsgagt hefur verið slegið upp fleti í hesthúsinu handa henni að liggja á.

Sú hugsun sótti oft á mig, hvað þetta hafi hlotið að vera ömurlegt líf, að hjara þarna innibyrgd í þessum skuggalega og kalda og óhreina og lyktarvonda hesthúskofa. Þar hafa nætt inn á hana vindar og lekið niður á hana í rigningum, og eftir að fór að dimma nótt hefur hún kvalizt af myrkrhræðslu. (83)

Eftir að Guðbjörg var á Hala er hún vistuð á öðrum bæ í Suðursveit og þangað var fenginn bílaskeri til að taka henni blóð. Það fór ekki betur en svo að stúlkunni blæddi út og „hreppurinn varð laus þeirra mála“ (84). Þórbergur tengir saman þjáningu Guðbjargar og þjáningu Jarps; sú hugsun ásækir hann að þjáning hennar hafi smitast yfir á hestinn í þeirri vistarveru sem bæði bjuggu í – þó ekki saman. Þórbergur fór alltaf inn í hesthúsið „með hálfum huga“: „Mér fannst eitthvað leiðinlegt hafa orðið eftir í því sem þar ætti ekki að vera. [...] Ég var ekki gamall, þegar ég fékk grun um, að atburðirnir drægju slóða á eftir sér“ (84). Þórbergur fylgist náið með dauðastriði Jarps og þegar hesturinn deyr og er ristur á kvið kemur í ljós mikið innanmeið sem dregið hefur hann til dauða og Þórbergur veltir fyrir sér samhengi hlutanna:

Svo kom þetta aftur og aftur: Skyldi nú Jarpur hafa fengið þetta hræðilega meið, ef Guðbjörg hefði ekki verið byrgð inni í hesthúsinu? Hvers vegna hafa hrossin í öllum hinum hesthúsunum á Breiðabólstaðarbæjunum enga meinsemd fengið? Hvers vegna vildi þetta aðeins til í hesthúsinu, sem Guðbjörg var lokuð inni í?

Er ekki hægt að hugsa sér, að eitthvað slæmt verði eftir í húsum, þar sem illa hefur verið farið með einhvern? Og getur þetta slæma ekki stundum leitt ógæfu yfir menn og skepnur? (90)

Þórbergur hefur áður sett fram þessa hugsun, að allt „sem hefur verið til, heldur áfram að vera til“ (41). Og hugsunin um Jarp yfirgefur Þórberg ekki þótt hesturinn deyi: „Hann var alltof mikill hestur til þess, að maður gæti hætt að hugsa um hann, og við áttum margt saman að sælda í fjölda ára“ (89).

Dýrafræði Þórbergs og gereyðingarstríðið gegn náttúrunni

Þótt mörgum kunni að finnast lýsingar á sambandi manna og dýra í íslenska bændasamfélaginu fyrst og fremst bera vitni um fortíðarþrá og sveitarómantík má halda því fram að mikilvægt sé að draga slíkar lýsingar fram og setja í samhengi við náttúruvá og samtímavistrýni. Það að benda á skrif á borð við lýsingar Þórbergs á húsdýrunum á Hala getur verið mikilvægt innlegg í baráttunni við að vinda ofan af firringunni sem óhjákvæmilega fylgir mannhverfri hugsun sem hefur verið ráðandi á því tímabili sem nefnt er mannöld. Ekki síst á þetta við nú á dögum þegar heimurinn stendur frammi fyrir þeirri staðreynd að fjölmargar dýrategundir eru í útrýmingarhættu og verksmiðjubúskapur með dýr sætir gagnrýni. Lýsingar eldri bókmennta á nánú sambandi manna og dýra má nota til að spyrja brýnna siðferðilegra spurninga. Onno Oerlemans hvetur til þess að bókmenntafræðingar kynni sér betur kenningar Charles Darwins, ekki síst í ljósi nútíma vistkerfisvanda og yfirvofandi útrýmingu dýrategunda.³⁷ Þá vísar hann í orð fræðimannsins Marks Bekoff sem telur að á eftir mannöldinni taki við „öld dýrsins“ (e. „*the century of the animal*“), eða að minnsta kosti „öld fortíðarþrár eftir dýrinu“ (e. „*the century of nostalgia for the animal*“).³⁸ Hér er við hæfi að vitna aftur í Sigfús Bjartmarsson, en í fyrrnefndu viðtali sem tekið var við hann í tilefni af útgáfu *Vargatals* segir hann:

Við erum stödd í seinni hlutanum á mjög þéttu gereyðingarstríði gegn náttúrunni. Fáir gera sér grein fyrir því að framleiðni og aukning í landbúnaði hefur þegar kostað nútíu prósent af dýrum sem lifðu af gæðum landsins lífið, því lífsskilyrðin voru tekin frá þeim. Inni í þessari tölu eru ekki dýr sem eru drepin til matar. Þó

³⁷ Onno Oerlemans, *Poetry and Animals. Blurring the Boundaries with the Human*, New York: Columbia University Press, 2018, bls. 2–3.

³⁸ Onno Oerlemans, *Poetry and Animals*, bls. 3.

Þetta sé ekki alveg svona alvarlegt hér á landi þá er afstaða okkar og heimtufrekja gagnvart náttúrunni alveg sú sama og annars staðar. Áhyggjur mínar yfir framgangi þessa stríðs flý ég ekki.³⁹

Það er löngu tímabært að fleiri viðri áhyggjur sínar yfir framgangi þessa stríðs og leiti ekki flóttaleiða þegar meðferð manna á öðrum dýrategundum er skoðuð og greind. Bókmenntir geta leikið stórt hlutverk í vitundarvakningu á þessu sviði, á okkar dögum eins og áður fyrr. Má í því sambandi vísa til bókar bandaríska blaðamannsins og rithöfundarins Uptons Sinclair, *The Jungle*, sem kom út á íslensku árið 1914 með titlinum *Á refilstigum*.⁴⁰ Í bókinni sem kom út árið 1906 lýsir Upton Sinclair hörmulegum aðstæðum farandverkamanna sem unnu í sláturhúsum í stórborgum Bandaríkjanna um þarsíðustu aldamót. Bókin varð gríðarlega áhrifarík og leiddi meðal annars til úrbóta á kjörum og aðbúnaði verkamanna, sem og á aðstæðum og meðferð sláturdýra. Í kjölfar umræðna sem spruttu upp vegna bókarinnar í Bandaríkjunum voru sett lög um meðferð dýra og kjöts til mannelis, svonefnd „Federal Meat Inspection Act“, árið 1906.⁴¹ Bæði Þórbergur Þórðarson og Halldór Laxness héldu uppi nafni Uptons Sinclair á Íslandi og á þriðja og fjórða áratugnum birtist um hann nokkur fjöldi blaðagreina í íslenskum blöðum og tímaritum.⁴² Í dagbókum Þórbergs kemur einnig fram að hann las áður nefnda bók Sinclairs skömmu eftir útkomu hennar á íslensku og ekki er ólíklegt að efni hennar hafi haft mikil áhrif á hann, líkt og aðra lesendur sem höfðu reynt af ástríku sambýli við dýr.

Þórbersk dýrafræði felst, eins og lýst hefur verið, helst í því að láta „dýralífið eins og endursegja sjálf sig í lifandi stíl og leikandi máli“ (*Ofvitinn*, 28), eins og Þórbergur lagði til þegar hann óskaði eftir skemmtilegri dýrafræði í

³⁹ Án höfundar, „Vargar á Íslandi“, bls. B 7.

⁴⁰ Upton Sinclair, *Á refilstigum*, þýðanda ekki getið, Stokkseyri: Fjelag eitt á Stokkseyri, 1914 (ranglega merkt 1913).

⁴¹ Sjá t.d. „Federal Meat Inspection Act“, *United States Department of agriculture*, 21. janúar 2016, sótt 25. mars 2020 á vefsíðuna: <https://www.fsis.usda.gov/wps/portal/fsis/topics/rulemaking/federal-meat-inspection-act> og „Federal Meat Inspection Act“, *Wikipedia. The Free Encyclopedia*, 16. desember 2019, sótt 25. mars 2020 á vefsíðuna: https://en.wikipedia.org/wiki/Federal_Meat_Inspection_Act.

⁴² Sjá t.d. *Réttur* 9: 1–2/1924, bls. 89–136; *Skírnir* 101/1927, bls. 132–152; *Iðunn, nýr flokkur* 1929, bls. 363–379; *Iðunn, nýr flokkur* 1931, bls. 396–404; *Iðunn, nýr flokkur* 1937, bls. 202–247 og *Eimreiðin* 50: 1/1944, bls. 64–65. Þess má geta að Þórbergur Þórðarson byggir mikið á bók Uptons Sinclair, *The Profit of Religion. An Essay in Economic Interpretation*, Pasadena: AMS Press, 1918, í *Bréfi til Láru*. Sjá Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég*, bls. 65, 85–87 og 98.

gagnrýni sinni á kennslubókina í náttúrufræði í Kennaraskólanum. Þórbergur harmar hversu kennslubækurnar eru leiðinlega skrifaðar, frásagnarhátturinn formúlukenndur og stíllinn dauður. Hann telur ljóst að höfundarnir hafi ekki „lagt verulega vinnu í að skapa úr fræði sinni hugðnæma frásögn“ og finnst fræðsluformið „skakkt“ og „úrelt“ (28). Til að ná þeim markmiðum að gera kennsluefnið lifandi, vel stílað og hugðnæmt grípur Þórbergur víðast hvar til manngervingar. Dýrafræði hans byggir í stórum dráttum á að gefa dýrunum mannlega eiginleika í tilraun til að nálgast vitundarlíf þeirra um leið og hann lýsir tilfinningasambandi við dýrin. Segja má að manngervingin sé forsenda samkenndarinnar sem Þórbergur leitast við að koma á framfæri í lýsingum sínum. Við getum samsamað okkur dýrunum með því að túlka háttalag þeirra á forsendum sem eru okkur kunnugleg en um leið og við rekumst á of mikinn framandleika – líkt og Þórbergur gerir þegar hann lýsir „hugsuninni“ í andlitum kúnna – þá rofnar samsömunin og setur að honum óhug. Hin anatómíska lýsing kennslubókarinnar sem Þórbergur hafnar hefur hins vegar litla burði til að vekja upp samkennd og samúð hjá mönnum með öðrum dýrategundum og er líklega sú tegund fræða sem skapar mestan framandleika á milli manna og annarra dýra.

ÚTDRÁTTUR

Í *Ofvitanum* segir Þórbergur Þórðarson frá gríðarlegum vonbrigðum sem námið við Kennaraskólann, veturinn 1909-1910, olli honum. Hann gagnrýnir harkalega kennsluáðferðir og kennslubækurnar, efnistösk þeirra, frásagnarhátt og stíl. Gagnrýni Þórbergs beinist sérstaklega að dýrafræði og í henni birtast áhugaverð viðhorf hans til dýra, sem benda til áhrifa frá kenningum Darwins um uppruna tegundanna. Slík viðhorf má einnig sjá í öðrum bókum Þórbergs, t.a.m. *Steinarnir tala* og *Sálminum um blómið*. En Þórbergur lætur sér ekki nægja að gagnrýna kennsluáðferðir í dýrafræði heldur kemur hann með tillögu að því hvernig hægt væri að skrifa „skemmtilega dýrafræði“. Í greininni er sýnt hvernig Þórbergur útfærir sjálfur það sem hann kallar „skemmtilega dýrafræði“ í sínum eigin skrifum. Þá er spurt hvort þórbersk dýrafræði felist einfaldlega í manngervingu á dýrum eða hvort málið sé flóknara en svo. Einnig er kannað hvaða möguleikar kunna að felast í hinni skemmtilegu dýrafræði Þórbergs fyrir nútímann; hvers konar gildi lýsingar hans á dýrum geti haft fyrir það hvernig við hugsum um og bregðumst við umhverfisvanda samtímans.

Lykilorð: Þórbergur Þórðarson, dýrafræði, dýrasögur, Darwin, umhverfisvandi

ABSTRACT

Þórbergur Þórðarson's interesting zoology and its possibilities

In his autobiographical novel, *Ofvitinn*, Þórbergur Þórðarson describes the deep disappointment he felt during his one year of study at the Teachers College in Reykjavík, in the winter 1909-1910. He criticizes harshly both the methods of teaching, as well as the textbooks, their narrative style and subject matter. Þórðarson's criticism is especially aimed at zoology and one can discern interesting views regarding animals, in his writing, which point to an influence from Darwin's theories in *On the origin of species*. Similar views can be noted in other books by Þórðarson, i.e. *Steinarnir tala* and *Sálmurinn um blómið*. However, Þórðarson does not only criticize, he also proposes an alternative way to write an "interesting zoology". This article focuses on how Þórðarson executes such "interesting zoology" in his own literary works. The question is raised, whether Þórðarson's zoology is simply based on anthropomorphism, or if the matter is more complicated. The article also explores whether Þórðarson's "interesting zoology" holds any possibilities for contemporary discussion on animal welfare, whether his descriptions of animals hold any value for our way of thinking about the dire state of nature today.

Keywords: Þórbergur Þórðarson, zoology, animal stories, Darwin, environmental issues

DR. SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR

Fræðimaður við Rannsóknarsetur Háskóla Íslands

Höfn í Hornafirði

soffiab@hi.is

orcid auðkenni: 0000-0002-8825-4667